



Bókasafn



Héraðsskjalasafn



Upplýsingamiðstöð

## Ársskýrsla 2021

Gerð í maí 2022

Hrönn Hafþórsdóttir  
forstöðukona Bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar

## Efnisyfirlit

<b>Bókasafn Fjallabyggðar</b> .....	3
Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið.....	3
Starfsfólk Bókasafns Fjallabyggðar 2021.....	3
Húsnæðismál.....	4
Rekstur safnsins og fjárveitingar .....	5
Safnkostur .....	5
Flokkun og skráning .....	6
Útlán.....	7
Gestir.....	8
Helstu verkefni ársins 2021.....	9
Viðburðir og sýningar .....	10
Lokaorð .....	10
<b>Héraðsskjalasafn</b> .....	11
Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið.....	11
Húsnæðismál.....	11
Rekstur og fjárveitingar.....	11
Mannauður .....	12
Helstu verkefni .....	12
Lokaorð .....	14
<b>Upplýsingamiðstöð ferðamála í Fjallabyggð</b> .....	15
Rekstur og fjárveitingar.....	15
Ferðamenn.....	15

## Bókasafn Fjallabyggðar

Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið

Bókasafn Fjallabyggðar er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar samkvæmt gildandi lögum um almenningsbókasöfn, yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (Unesco) um almenningsbókasöfn og menningarstefnu Fjallabyggðar. Markmið þess er að vera íbúum bæjarins miðstöð upplýsinga, menntunar, menningar og afþreyingar með því að bjóða upp á aðgengi og útlán á fjölbreyttu úrvali bóka og tímarita auk stafrænna upplýsinga. Aukin áhersla er lögð á barnastarf, þ.á.m. sögustundir, safnkynningar, þjónustu við leik- og grunnskóla, skipulagða menningarstarfsemi fyrir almenning og góða aðstöðu til náms.

Afgreiðslutími

1. september – 31. maí: Opið virka daga frá kl. 13.00 -17.00
1. júní – 31. ágúst: Opið virka daga frá kl. 09.00 – 12.00 og 13.00 - 17.00.

Starfsfólk Bókasafns Fjallabyggðar 2021

Á bóka- og héraðsskjalasafninu auk Upplýsingamiðstöðvar eru fjórir fastráðnir starfsmenn í rúmum þremur stöðugildum. Forstöðukona er í 50% starfi í bókasafni og 50% starfi við héraðsskjalasafn. Þjónustufulltrúi, Ólafsfirði er í 90% starfi við bókasafnið og 10% við Upplýsingamiðstöð ferðamanna. Þjónustufulltrúi, Siglufirði er í 50% starfi við bókasafnið, 15% við héraðsskjalasafnið og 10% við Upplýsingamiðstöð ferðamanna. Einnig sinnir hún þrifum. Skjalavörður er í 50% starfi.

Einn starfsmaður var ráðinn í sumarafleysingar á Upplýsingamiðstöð og leysti hann einnig af sem bókavörður á báðum söfnum þ.e. á Ólafsfirði og á Siglufirði.

## Starfsmenn árið 2021

Stöðugildi	Bókasafn	Héraðsskjalasafn	Upplýsingamiðstöð
Bylgja Hafþórsdóttir	50%	15%	10%
Gíslný Halldóra Jónsdóttir		50%	
Hrönn Hafþórsdóttir	50%	50%	
Vilhjálmur Hróarsson	90%		10%
Sumarafleysingar 1. júní- 31. ágúst Eva Hrund Unnarsdóttir			Tímavinna

### Húsnæðismál

Bókasafnið í Ólafsfirði er til húsa að Ólafsvægi 4 (gamla stjórnsýsluhúsinu). Neðri hæð hýsir nýjar og nýlegar bækur ásamt afgreiðslu og á efri hæð eru eldri bækur, setustofa og fundaraðstaða. Hluti efri hæðar og anddyri er samnýtt með stjórnsýslunni. Breytingar urðu litlar sem engar á árinu og nú þegar safnið hefur verið til húsa á Ólafsvæginu síðan 2014 er húsnæðið og hillupláss löngu sprungið. Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að betrubæta aðstöðu fyrir gesti bókasafnsins þar.

Bókasafnið á Siglufirði er til húsa að Gránugötu 24 og búið að vera það síðan 1964. Meirihluti hillubúnaðar og húsgagna bókasafnsins er jafngamall. Gegnum árin hafa verið keyptar notaðar Softline hillur, stæður sem standa á gólfi og gömlum stæðum fækkað. Hillubúnað og húsgögn þyrfti að fara að taka í gegn og laga.

## Rekstur safnsins og fjárveitingar

Rekstrargjöld bókasafns 2021 með nýtingu tekna voru kr. **29.319.644** en áætlun ársins gerði ráð fyrir kr. **29.778.838**. Eins og áður hefur verið reynt að halda niðri kostnaðarliðum eins og mögulegt er til að mögulegt sé að mæta óhjákvæmilegum framúrkeyrslum í sumum liðum.

### Gjafir til Bókasafns Fjallabyggðar

Ákveðið var árið 2019 að hætta að taka við gjafabókum að sinni. Ástæðan er fyrst og fremst sú að búið er að skipta út þeim bókum sem þurfti. Önnur ástæða fyrir að hætt var að taka við bókum eru fyrirhætt Landskerfis um að afskrifa bækur sem ekki er nauðsyn að eiga. Með þessu vilja þau minnka álagið þegar gamla bókasafnskerfinu verður skipt út fyrir nýtt. Þó höfum við á þessu ári tekið við þeim bókum sem við teljum okkur þurfa. Má sem dæmi nefna að mikið af enskum fantasíu og vísindaskáldsögum barst okkur frá dánarbúi og var það góð viðbót við það efni sem þegar var til. Einnig fáum við reglulega gefins púsl sem við seljum ódýrt og er peningur sem fæst fyrir það notaður til að kaupa ýmislegt sem safninu vanhagar um. Sem dæmi má nefna að öll gulu húsgögnin sem keypt hafa verið á barnadeildina Siglufjarðarmegin eru keypt fyrir þann pening. Jólaskraut, hnífapör og fleira smálegt hefur líka verið keypt.

## Safnkostur

Safnkostur sem skráður er í Gegni- samskrá bókasafna var:

### Í desember 2014

Bókasafnið Siglufirði, 20.438 eintök – Bókasafnið Ólafsfirði, 14.895 eintök

### Í desember 2015

Bókasafnið Siglufirði, 24.828 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 15.437 eintök

### Í desember 2016

Bókasafnið Siglufirði, 27.064 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 15.806 eintök

### Í desember 2017

Bókasafnið Siglufirði, 31.116 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 16.457 eintök

### Í desember 2018

Bókasafnið Siglufirði, 31.976 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 16.791 eintök

### Í desember 2019

Bókasafnið Siglufirði, 30.743 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 17.154 eintök

### Í desember 2020

Bókasafnið Siglufirði, 30.092 eintök – Bókasafnið Ólafsfirði, 17.392. eintök

### Í desember 2021


Bókasafnið Siglufirði, 31.442 eintök – Bókasafnið Ólafsfirði, 17.342 eintök

## Flokkun og skráning


Skráningu eldri safnkosts **lauk á árinu 2017** og bætist eingöngu við gjafabækur og nýútkomnar bækur. Útgefnar bækur á árinu 2021 samkvæmt Bókatíðindum voru ríflega 700 talsins. Á meðan gamla bókasafnskerfið var í notkun var hægt að draga út fjölda nýrra bóka og tímarita, því miður láðist að ná í upplýsingar úr gamla bókasafnskerfinu, áður en því var lokað í maí 2022. um fjölda nýrra bóka á árinu 2021. Þessi ársskýrsla er gerð í maí 2022 þegar yfirflutningur úr gamla kerfinu í það nýja stóð yfir. Það er ekki hægt að draga út svona upplýsingar úr nýja kerfinu og er það afar bagalegt.

## Útlán

Bókasöfn Fjallabyggðar lána út bækur, hljóðbækur og tímarit. Ekki er um útlán á tónlist eða DVD myndum að ræða. Útlán á árinu 2021 voru alls 6.636 (S 3.964/Ó 2.672). Það er töluverð fækkun frá árinu áður og er það miður. Þetta er ekki einsdæmi hér hjá Bókasafni Fjallabyggðar, sama má segja um öll önnur almenningubókasöfn á landinu. Hluti skýringar er sá mikli vöxtur sem orðið hefur í notkun Storytel og svo að sjálfsögðu það mikla flæði afþreyingar sem finna má víðast hvar.



## Gestir



Samkvæmt talningu voru lánþegakomur á árinu 2021 **5.522** (S 3.080/Ó 2.442).

Inni í þessum tölum eru yfirleitt einnig aðrir gestir þ.e. skólahópar í safnfræðslu, leikskólahópar, mömmumorgnar og gestir á hannyrðakvöldunum vinsælu. Því var ekki að heilsa á þessu ári vegna Covid. Strangar reglur giltu helminginn af árinu og lánþegar gátu aðeins komið til að taka og skila bókum. Ekki var leyfilegt að dvelja á safninu og að taka á móti hópum svo þar er megin skýringin á fækkum gesta. Lánþegar með virk skírteini voru flestir á árinu alls 277 (S 181/Ó 96). Þetta er fækkun um 10 lánþega frá árinu áður en þá voru þeir flestir 287. Gestir sem sóttu Upplýsingamiðstöðina eru **EKKI** inni í þessum tölum.

### Símenntun

Með tilkomu „teams“ og „zoom“ funda vegna Covid höfðu starfsmenn greiðan aðgang að námskeiðum. Hinir ýmsu fundir voru haldnir í gegnum teams eða zoom og tók forstöðukona þátt þegar hægt var, þar á meðal sem meðstjórnandi í FSA sem er félag forstöðumanna almenningssafna en þeir fundir voru að jafnaði tvisvar í mánuði.



## Helstu verkefni ársins 2021

Vegna Covid áhrifa og fyrirhugaðrar innleiðingar nýja bókasafnskerfisins var ákveðið að gera ekki starfsáætlun fyrir árið 2021 þar sem ekki var vitað hvað framundan væri og því erfitt að gera áætlanir. Rétt þykir að taka fram að vegna persónulegra aðstæðna hjá forstöðukonu var árið 2021 erfitt og því kannski minna gert en ella.

1. Notaðar Softline hillur fengust keyptar í apríl. Þetta eru tvöfaldar stæður, alls þrjár sem settar voru í bókasafnið Siglufirði. Gömlu svögu stæðunum sem hafa verið síðan 1964 var hent.
2. Tekin var góð rispa í að grisja í tímaritaherberginu í bókasafninu á Ólafsfirði. Þar eru tímarit og fræðibækur og voru gamlar úreltar bækur teknar og afskrifaðar.
3. Á Ólafsfirði hefur starfsmaður verið duglegur að grisja. Ekki er talin þörf á að eiga tvítök af til dæmis gömlum skáldsögum og nægilegt þykir að aðeins eitt safn eigi bækur ákveðna höfunda.
4. Á árinu var áherslan lögð á héraðsskjalasafnið og lausar stundir notaðar í þau ótalmörgu verkefni sem þar bíða. Vinnuherbergi á 2. hæð var skipulagt upp á nýtt með það að markmiði að nýta það sem myndatökuherbergi, flokkun gagna sem enn eru óskráð, grisjun og fleira mætti telja.

Unnin voru hin venjulegu verk, þrif, grisjun, umsýsla bóka og fleira. Stórt verkefni í bókasafninu var ekki unnið á árinu en rétt er að taka fram að mikil vinna fór fram á héraðsskjalasafninu.

Tvisvar á ári er farið í fínþrif á bókasöfnunum og þá eru allar bækur og hillur teknar og þrifnar og fínraðað í hillurnar ásamt því að grisja ef þarf.

## Viðburðir og sýningar

Covid takmarkanir voru strangar alveg út júnímánuð og því lítið sem hægt var að bjóða uppá varðandi viðburði og sýningar. Öllum samkomutakmörkunum var aflétt 26. júní og voru þá tæpir 16 mánuðir að baki þar sem Covid áhrif og takmarkanir réðu ferðinni.

- Hannyrðakvöldin lágu niðri vegna Covid
- Fastar sýningar eru í glerskápum allt árið. Þar má meðal annars sjá muni úr eigu gamla Sparisjóðsins, muni frá Karalakórnum Vísi, fágætar bækur úr Hraunasafni og hina ýmsu muni sem fundist hafa í kössum hér við tiltekt. Líka má nefna leikföng frá fimmta áratug síðustu aldar og margt fleira. Gömul skrá frá Óla Blöndal fannst við tiltekt og þar má sjá uppruna hluta þessarra muna.
- Barnamenningardagar voru í Fjallabyggð í nóvember og tók bókasafnið að sjálfsögðu þátt í því með músastigamaráðni og Ólsen Ólsen upp og niður keppni.

## Lokaorð

Mikið hefur áunnist síðustu árin bæði á bóka- og héraðsskjalasafninu. Þetta ár var öðruvísi en oft áður þar sem meirihluti ársins bar merki Covid. Takmarkanir og hamlanir héldu áfram fram á mitt þetta ár. Ýmislegt var ekki leyfilegt, gestum bar að stytta viðveru á safninu eins og hægt var. Viðburðir og sýningar lágu niðri, lesstofur voru lokaðar, engin leikföng, ekkert kaffi, engin dagblöð og svo mætti lengi telja. Þetta tók sem betur fer allt enda og lífið fór að færast í fyrra horf eftir því sem lengra leið á árið. Að lokum langar forstöðukonu að þakka fyrir velvild í garð bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar.

## Héraðsskjalasafn

### Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið

Lögbundið hlutverk Héraðsskjalasafns Fjallabyggðar er að taka við skjölum afhendingarskyldra aðila, þ.e. sveitarfélagsins og stofnana þess, skrá skjölin og varðveita þau á viðurkenndan hátt. Héraðsskjalasafnið tekur einnig við einkaskjölum, t.d. bréfasöfnum, dagbókum og skjölum félaga og fyrirtækja. Héraðsskjalasafnið hefur verið starfrækt á Siglufirði síðan árið 1984 og frá árinu 2006 undir merkjum sameiginlegs sveitarfélags Fjallabyggðar. Ekki hefur verið tími né mannskapur til að sinna skjalasafninu sem skyldi í gegnum árin og enginn fastur starfsmaður eða skjalavörður var hluta af þeim tíma sem skjalasafnið hefur starfað. En eins og máltækið segir „kemst þó hægt fari“ og seinni ár hefur starfinu miðað ágætlega þó enn sé afar mikið verk óunnið. Á seinni hluta ársins 2017 var unnin opinber stefnumótun fyrir héraðsskjalasafnið og var hún samþykkt í bæjarráði snemma á árinu 2018. Þetta er stórt skref í þá átt að gera skjalasafnið virkt og uppfylla þau lög og reglugerðir sem gilda um héraðsskjalasöfn. Svo við vitnum í orð fyrrum bæjarstjóra okkar, Gunnars Birgissonar, „þá er með því að starfrækja héraðsskjalasafn, lagður traustur grundvöllur fyrir því að varðveita skjöl einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja í bænum á heimaslóðum. Það er mikilvægt því saga okkar er margbrotnari en svo að hún verði eingöngu skoðuð í opinberum skjölum“ (Ársrit héraðsskjalasafns Kópavogs, 2010, bls. 5).

### Húsnæðismál

Héraðsskjalasafnið er staðsett á annarri hæð ráðhússins að Gránugötu 24 Siglufirði. Vinnuástaða skjalavarðar er á 1. hæð. Samtals hefur héraðsskjalasafnið yfir um það bil 70 fm<sup>2</sup> að ráða. Aðstaða og aðgengi fyrir gesti héraðsskjalasafnsins er samnýtt með bókasafninu og er ágætis aðstaða fyrir gesti þar sem þeir geta sest niður og grúskað. Afgreiðslutími er eftir samkomulagi við starfsmenn héraðsskjalasafns.

### Rekstur og fjárveitingar

Áætluð rekstargjöld með tilliti til tekna árið 2021 voru kr. **10.329.409** en rauntölur urðu kr. **9.458.899**. Fjárveiting fékkst á árinu fyrir kaupum á ljósmyndabúnaði fyrir héraðsskjalasafnið

svo hægt verði að mynda gögn héraðsskjalasafns og gera þau aðgengileg eins og lög segja til um. Búnaðurinn kom í lok ársins 2021 og kostaði hann 300.000. Þegar þetta er skrifað (maí 2022) hefur enn ekki gefist tími til að útbúa vinnuaðstöðu að fullu svo hægt sé að hefjast handa við ljósmyndun.

### Mannauður

Bylgja Hafþórsdóttir í 15% starfi allt árið. Gíslný Halldóra Jónsdóttir í 50% starfi allt árið, forstöðukona, Hrönn Hafþórsdóttir í 50% starfi allt árið. Stöðugildin eru 1.15 sem er óbreytt frá fyrra ári.

### Símenntun


Héraðsskjalavörður sótti reglulega teams og zoom fundi hjá félagi héraðsskjalasafna. Í mars var sótt fjarnámsskeið hjá Þjóðskjalasafni um þær reglur sem gildu um aðgang að gögnum í opinberum skjalasöfnum. Í nóvember var haldin ráðstefna hjá Þjóðskjalasafni og tókum við þátt í gegnum teams.

### Helstu verkefni

Helstu verkefni starfsmanna þetta árið voru skráning gagna sem barst. Þetta er í fyrsta skipti sem engin sérstaklega stór sending berst héraðsskjalasafninu og því gafst nú loks tími til að vinna aðeins niður það mikla magn skjala sem bíður á 2. hæð ásamt því að sjálfsögðu að skrá þau gögn sem bárust á árinu.

Afhendingar til héraðsskjalasafnsins á árinu 2021 voru 23 og skiptast þær þannig:

- Einkaskjalasöfn – 12
- Félög – 8
- Fyrirtæki – 3
- Opinber skjöl – 1
- Annað – 0



Á árinu 2013 voru afhendingar 13, árið 2015 voru afhendingar 30, árið 2017 voru afhendingar 35. Á árinu 2019 voru afhendingar 38 og var unnið í skjölum 243 mismunandi flokka ( opinberir aðilar, félög, einstaklingar og fyrirtæki). Fjöldi nýrra skráninga var 79 og fjöldi sem unnið var í vegna tilfærslu yfir í nýju geymsluna var 164. Árið 2020 var unnið í skjölum 21 færslu á aðila. Ástæðan er að mest allt árið fór í skrá skjöl stjórnsýslunnar. Árið 2021 voru 129 færslur á aðila. Stærsta verkefnið þetta árið var einkaskjalasafn sem barst í maí en mikil vinna var fólgin í því að fara yfir það.

Héraðsskjalasafnið er alltaf að verða meira og meira sýnilegt og auðveldara er en áður að svara fyrirspurnum þar sem sífellt meira af gögnum er skráð. Formlegar fyrirspurnir á árinu 2021 voru 27 en eru skráðar sem 32 því nokkrir aðilar hringdu eða sendu tölvupóst og komu svo í kjölfarið.

- Tölvupóstur – 12
- Komur – 10
- Símtöl – 8
- Facebook – 2

Einnig var nokkuð um að fólk kæmi og bæði um að fá ákveðin skjöl til að nota við skrif eða rannsóknarvinnu. Er ánægjulegt hversu þessum heimsóknum hefur fjölgað. Eftir því sem skráningu miðar verður sífellt auðveldara að svara fyrirspurnum. 😊 Hluti einkaskjalasafna í eigu

Héraðsskjalasafnsins eru aðgengileg á vefnum [einkaskjalasafn.is](http://einkaskjalasafn.is) og stöðugt bætist við. Ef fram fer sem horfir er ný heimasíða væntanleg og mun þá aðgengi almennings að skjölum og geymsluskrám verða að veruleika.

#### Lokaorð

Mikið hefur áunnist síðustu varðandi aðstöðu og búnað héraðsskjalasafnsins. Stefnumótunin hefur skilað sínu og alltaf færumst við nær því að uppfylla þau lög og reglur sem gilda varðandi héraðsskjalasöfn.

## Upplýsingamiðstöð ferðamála í Fjallabyggð

Allt árið 2021

### Opnunartími

Upplýsingamiðstöð ferðamála er opin allt árið. Hún hefur verið staðsett hin síðustu ár í Bókasafni Fjallabyggðar bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði. Opnunartími Upplýsingamiðstöðvar fylgir opnunartíma bókasafnanna. Áður hefur verið opið frá 1. júní til 31. ágúst, þegar flestir ferðamenn sækja Fjallabyggð heim er opnunartími frá kl. 09.00-12.00 og 13.00-17.00 virka daga á báðum stöðum. Lokað er þó í Ólafsfirði á morgnana á meðan á sumarleyfi starfsmanns stendur. Ekki var opið um helgar þetta sumarið. Lokað er á stórhátíðardögum.

### Rekstur og fjárveitingar

Áætluð rekstrargjöld Upplýsingamiðstöðvar voru á árinu 2021 kr. **7.377.043**. Raungjöld árið 2021 urðu kr. **5.384.629**. Lægri rauntölur eru vegna lægri launakostnaðar en lagt var upp með. Skýrist það af því að ferðamannafjöldi hefur enn ekki náð sér á strik eftir Covid. Meginkostnaður við rekstur upplýsingamiðstöðvar felst enn sem áður í launum, launatengdum kostnaði og innri húsaleigu. Þær tölur gefa okkur samanlagt kr. 5.446.234. Af þessu má sjá að fjármagn sem Upplýsingamiðstöð hefur yfir að ráða er ekki mikið. Þetta er mögulegt eingöngu vegna þess að öll aðstaða og búnaður er samnýttur með bókasafni. Þessu hefur verið mætt með því að gönguleiðakort sem Upplýsingamiðstöð kaupir eru seld og tekjurnar fær bókasafnið upp í kostnað vegna samnýtingarinnar.

### Mannauður


Vegna Covid 19 áhrifa og fækkunar ferðamanna var eingöngu ráðinn einn starfsmaður þetta sumarið, (júní, júlí og ágúst). Eva Hrund Unnarsdóttir (tímavinna sem var bæði á Siglufirði og Ólafsfirði). Frá 1. nóvember 2017 eru tveir starfsmenn með fast 10% starfshlutfall hvor, Vilhjálmur Hróarsson á Ólafsfirði og Bylgja Hafþórsdóttir á Siglufirði.

### Ferðamenn

Eins og áður er talið allt árið bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði.

## Siglufjörður – ferðamenn


Sá fjöldi ferðamanna sem var fyrir Covid hefur enn ekki skilað sér og ekki var talin þörf á að aðgreina eftir þjóðerni eins og áður. Ferðamenn sem sóttu Upplýsingamiðstöðina á Siglufirði allt árið 2021 voru 677 og flestir komu í júlí eða 258. 110 komu í júní og 169 í ágúst. Það virðist því vera að aukast, rólega þó, ferðamannastraumurinn hingað til Fjallabyggðar. Árið 2020 komu ekki nema 241 á Upplýsingamiðstöðina (Covid). Alls komu 2.622 ferðamenn á Upplýsingamiðstöðina á Siglufirði árið áður eða 2019 og er það töluverð fækkun frá árinu 2018 en þá sóttu 3.860 ferðamenn Upplýsingamiðstöðina heim.



## Ólafsfjörður – ferðamenn

Fjöldi þeirra ferðamanna sem sækir Upplýsingamiðstöðina í Ólafsfirði fer fækkandi. Það voru aðeins 79 ferðamenn sem komu yfir tímabilið maí til desember. Engir ferðamenn komu í janúar til apríl 2021.





Ferðamenn sem sóttu Upplýsingamiðstöðina á Ólafsfirði voru aðeins 31 árið 2020 og var það í júní, júlí og ágúst. Alls komu 160 ferðamenn á Upplýsingamiðstöðina á Ólafsfirði 2019 og er það fækkun frá árinu 2018 en þá komu alls 302 ferðamenn á Upplýsingamiðstöðina, Ólafsfirði. Möguleiki er að þessi fækkun sé að hluta til komin vegna Upplýsingamiðstöðvar í Kaffi Klöru sem er betur staðsett en Upplýsingamiðstöð Fjallabyggðar.

### Algengustu fyrirspurnir ferðamanna

Algengustu fyrirspurnirnar voru eins og áður um gönguleiðir og leiðsögn. Mikið var spurt um staðina sem tengjast sjónvarpsþáttunum *Ófærð* og líka um staðina í bókum Ragnars Jónssonar. Hvers konar útivist verður æ stærrí þáttur í fyrirspurnunum eins og hvar séu hestaleigur, hvalaskoðun, bátsferðir, skíði og þ.h. Aðrar fyrirspurnir helstar voru varðandi tjaldsvæðið, Síldarminjasafnið, þvott, netsamband, bílaverkstæði, veðrið og minjagrip. Eins og áður var leit þeirra að aðgangi að salerni alltof algeng, vantar sárlega almenningssalerni hér sem opin eru allt árið.

## Lokaorð

Ársskýrslan þetta árið er stutt og laggóð. Ekki var um neinar stórvægilegar breytingar að ræða á árinu 2021. Upplýsingamiðstöðin þarf að vera öflug og geta sinnt ferðamönnum af metnaði. Fjallabyggð hefur upp á svo margt að bjóða og það er okkar hér í Fjallabyggð að skapa aðstæður og hafa þann aðbúnað sem þarf til að gera dvöl ferðamannsins sem ánægjulegasta.